



HÚSAKÖNNUN

Álftanes - Suðurnes

Deiliskipulagssvæði: Helguvík, Skógtjörn og Breiðamýri



GARÐABÆR

GLÁMA·KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

Höfundar

Húsakönnun þessi var unnin árið 2019 að beiðni Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar vegna deiliskipulagsvinnu á Álftanesi.

Eftirtaldir komu að vinnunni:

Elísabet Sara Emilsdóttir, arkitekt

Jóhannes Þórðarson, arkitekt faí

Silja Traustadóttir, arkitekt faí

Stuðst var við upplýsingar úr bókinni:

Álftaness saga, Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir, eftir Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem kom úr hjá Þjóðsögu árið 1996.

Auk þess voru upplýsingar og góð ráð fengin frá:

Péttri Ármannssyni, arkitekt og sviðsstjóra hjá Minjastofnun

Húseigendum á svæðinu

Rýni fyrir hönd Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar:

Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur

Arinbjörn Vilhjálmsson, arkitekt og skipulagsstjóri Garðabæjar

Höfundar kunna þeim bestu þakkir fyrir.

Forsíðumynd er af Þórukoti eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.



BREIÐAMÝRI

KRÓKUR

HELGUVÍK

KUMLA-
MÝRI

SKÓGTJÖRN

HÚSAKÖNNUN ÁLFTANES
SUÐURNES - YFIRLITSMYND

Könnunarsvæði

Inngangur

Hér birtist húsakönnun fyrir suðurhluta Álftaness sem unnin er í tengslum við deiliskipulagsvinnu. Könnunarsvæðið nær yfir Breiðamýri, Helguvík og Skógtjörn en einnig Krók og Kumlamýri sbr. yfirlitsmynd. Á tveimur síðastnefndu svæðunum er engar byggingar að finna og verður ekki frekar fjallað um þau hér. Á Helguvíkursvæðinu eru tvær byggingar og þrjár í Breiðamýri en flestar eru byggingarnar á Skógtjarnarsvæðinu þar sem húsakönnunin nær til gatnanna Lambhaga, Búðarflatar, Höfðabrautar, Miðskóga, Brekkuskóga, Ásbrekku, Bæjarbrekku, Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku, sjá afmörkun á loftmynd og skýringarmyndum.

Með húsakönnun eru byggð hús skráð og lagt mat á varðveislugildi einstakra húsa á viðkomandi deiliskipulagssvæði. Jafnframt er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar í heild sinni. Markmið húsakönnunar er að fá fram niðurstöður sem eru notaðar til að marka stefnu um vernd eða friðun til framtíðar. Húsakönnun er „*byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.*“ (Heimild : Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“. Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009). Almennt séð er gildi hvers hús á Álftanesi ekki metið sérstaklega í húsakönnun þessari, heldur einungis ef viðkomandi hús hefur sérstakt gildi.

Húsin á athugunarsvæðinu hafa í einstaka tilvikum ákveðið gildi fyrir götummynd, göturými og umhverfi sitt og gegna hlutverki í því tilliti. Þau eru öll hluti af mótaðri byggð. Byggingarár húsa eru tilgreind samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár. Ártöl þarf þó að taka með ákveðnum fyrirvara, þar sem skráningum um byggingarár sem tilgreint er í fasteignaskrá Þjóðskrár ber ekki alltaf saman við önnur gögn. Eins er í einstaka tilvikum óljóst hvort tilgreindir höfundar húsa eru höfundar upphaflegra teikninga.

Yfirbragð og þróun byggðar

Álftanes er láglent og telst vera eitt innnesjanna við Faxaflóa. Útróðrar voru lengst af stundaðir á nesinu. Afkoma fólks framan af byggðist fyrst og fremst á sjávarútvegi en í upphafi 20stu aldar tók landbúnaður, þá helst kúabúskapur, við sem helsta atvinnugrein íbúa á nesinu. Það er á tuttugustu öldinni sem farið var að brjóta land til ræktunar, en sjósókn var þá orðin rýr, fiskiskip stækkuðu og aðstaða fyrir þau ekki til staðar á Álftanesi. Þessi breyting í búsháttum kom í kjölfar ofveiði og ásælni erlendra fiskiskipa á veiðislóðir Álftnesinga. Þessum breytingum fylgdu miklir búflutningar, en fjöldi Álftnesinga yfirgaf nesið í kjölfar aflabrests um aldamótin 1900. Framtíð sjósóknar í Faxaflóa á tuttugustu öldinni byggðist á því hvar sjálfgerðar hafnir voru, einkum í Reykjavík og Hafnarfirði, en á Álftanesi var slík aðstaða ekki fyrir hendi.

Á seinni hluta 19. aldar voru Álftnesingar milli 550 og 600. Hæstur varð íbúafjöldinn á þessum tíma 670 manns um 1880. Laust fyrir 1900 fór íbúum að fækka og voru fæstir 117 um 1940. Upp úr því fjölgaði íbúum hægt fram til 1970 þegar uppbygging íbúðarbyggðar á Álftanesi hófst fyrir alvöru. Stærstur hluti íbúaaukningar undanfarinna áratuga stafar af flutningum fólks frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Í byrjun 20stu aldar voru flestar mýrar þurrkaðar, nær öll tún sléttuð og hreinsuð af grjóti. Mikið var af litlum smábýlum og hjáleigum. 1950 voru um 25 kúabú á Álftnesinu, en jafnframt var nokkuð um rófnarækt og hænsnabú. T.d. þá var ennþá hænsnabú í Vestri Skógtjörn árið

1996. Flest býli voru sjálfseignarbú með tveimur til tíu íbúum, sem unnu á bænum. Mörg húsanna á athugunarsvæðinu bera enn bæjarnöfn, en það stafar af því að framan af var hvorki búið að leggja götur né að gefa götum nafn. Húsbyggjendur á þeim tíma höfðu gjarnan keypt sér spildu úr jörðum, byggt hús og gefið húsunum nafn áður en gatan kom.

Upp úr miðri 20stu öld voru uppi áform um að byggja flugvöll á Álftanesi, og var byggingabann allt frá 1961 til 1971 vegna þessara áforma. Á þeim tímapunkti var mikil eftirspurn eftir lóðum. Þrátt fyrir bannið risu nokkur hús á meðan á þessu gekk og voru notuð ýmis ráð til að komast framhjá því. Meðal annars voru nýttar heimildir til nýrra eða endurnýjaðra húsbygginga á lögbýlum. Skipulag Álftaness ber þess glöggt merki að í kjölfar afléttingar byggingabanns sumarið 1971 var hleypt af stað uppbyggingu byggðar á mörgum stöðum, gagngert til að bægja frá hættunni af áformum um flugvöll í framtíðinni. Byggðin telst dreifð af þeim sökum. Jafnframt ber byggðin þess merki að byggðakjarnar hafa orðið til í kringum stærstu býlin í sveitarfélaginu. Framan af voru það einkum afkomendur eigendanna sem byggðu yfir sig.

Fyrsta staðfesta aðalskipulag á Álftanesi, aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984- 2004, var unnið af Skipulagi ríkisins og var aðalskipulagið samþykkt af sveitarstjórn Bessastaðahrepps 26. nóvember 1985 og staðfest af félagsmálaráðherra, 3. janúar 1986. Byggð reis að mestu leyti samkvæmt því. Íbúðahverfi voru deiliskipulögð eftir því sem við átti. Eftir sameiningu Bessastaðahrepps og Garðabæjar er Álftanesið hluti af aðalskipulagi Garðabæjar sbr. Aðalskipulag Garðabæjar 2016 – 2030 sem var staðfest í maí 2018.

Á athugunarsvæðinu eru 103 byggingar – þar af tíu sem teljast parhús og þrjú raðhús (þrjár einingar í hvoru). Langstærstur hluti íbúðarbyggðarinnar eru einbýlishús eða 88%. Fimm hús við Ásbrekku teljast vera fjölbýlishús en þau eru með 4-6 íbúðum. Tvö dæmi eru um hús með tveimur íbúðum (Brekuskógur 11 og Sólbarð). Í einu húsi er starfrækt safnaðarheimili (Brekuskógum 1), sambýli í öðru (Miðskógar 22), skátaheimili í því þriðja (Þórukoti) og golfskáli í því síðasta (Haukhúsi). Á Breiðamýrarsvæðinu eru söluskáli, vatnsveituhús og spennistöð.

Flest húsinn voru reist á árunum 1970-2008. Stórar lóðir húsa einkenna hverfið en húsinn eru einna til tveggja hæða há. Bilgeymslur eru ýmist stakstæðar eða áfastar við húsinn.

Þar er að finna nokkur íbúðarhús, hönnuð af framsæknum arkitektum, sum hver fyrir þá sjálfa. Tvö húsanna hafa verið friðlýst (2011) af mennta- og menningarmálaráðherra en það eru íbúðarhúsin Brekkuskógar 8 (íbúðarhús Guðmundar Kr. Kristinssonar og Sigríð Agnes Kristinssonar) og Brekkuskógar 10 (íbúðarhús Manfreðs Vilhjálmssonar og Erlu Sigurjónsdóttur).

Hönnuðir

Á umræddu svæði er að finna verk eftir nokkra af helstu arkitektum sem starfandi voru hérlandis á þeim árum sem Álftanesið var að byggjast upp. Af eldri kynslóð arkitekta má nefna Gunnlaug Halldórsson, Guðmund Kr. Kristinsson, Manfreð Vilhjálmsson, Hannes Kr. Davíðsson, Gunnar Hansson, Ólaf Sigurðsson, Guðmund Kr. Guðmundsson og Hauk Viktorsson. Af öðrum arkitektum má nefna Magnús Skúlason, Sigurð Harðarson, Grétar Markússon, Hildigunni Haraldsdóttur, Baldur Ó. Svavarsson og Jón Þór Þorvaldsson. Mörg þessara hús bera skýr höfundareinkenni og eru sum þeirra góð dæmi um íslenska byggingarlist

á seinni hluta 20.aldar og við upphaf 21.aldar. Þó nokkur hús eru hönnuð af byggingafræðingum, byggingatæknifræðingum eða verkfræðingum. Þar ber mest á verkum Kjartans Sveinssonar tæknifræðings og Ríkharðs Oddssonar byggingarfræðings. Ekki er talin ástæða til að vernda götummyndir.

Húsin eru almennt staðsteypt en með mismunandi áferð; sléttþússuð og máluð, hraunuð, steinuð eða grófsteypt með mismunandi steypumynstri og rákum. Örfá hús eru timburhús, - eða hús reist úr timbri og múrsteinum eða byggð úr öðrum hlöðnum steinum. Nokkur hús eru innflutt eða byggð eftir erlendum teikningum.

Upprunaleiki - breytingar

Nokkuð hefur verið um breytingar á húsum. Á nokkrum stöðum hefur þökum og yfirborðsefnum veggja verið breytt. Nokkur hús hafa verið stækkuð og algengt er að sólstofur eða garðhýsi hafi verið byggð við þau. Nokkur vönduð hús hafa varðveist með upprunalegu lagi og stíleinkennum, og verið vandað til viðhalds og varðveislu. Einkum á þetta við þau hús sem arkitektar byggðu fyrir sínar fjölskyldur svo sem Brekkuskógar 8 og 10. Er þar að finna fín höfundardæmi íslenskra arkitekta frá sjöunda áratug tuttugustu aldar. Slík hús eru ótvírætt með listrænt gildi, sem sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi er mat lagt á fimm þætti: Byggingarlist eða listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.

Byggingarlist er m.a. mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og er þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins.

Menningarsögulegt gildi byggir m.a. á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað.

Umhverfisgildi er m.a. metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götummynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins eða húsið í heild sinni. Varðveislugildi hússins er síðan metið út frá þessum þáttum, en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Taka skal fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður alltaf huglægt mat sem aldrei er hafið yfir gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats á því og breytt varðveislugildi þess.

Niðurstöður varðveislumats

Á athugunarsvæðinu eru tvö hús þegar friðlýst en ekkert húsanna telst friðað á grundvelli aldurs. Eldri býli eru horfin og elsta húsið sem eftir lifir er Vestri-Skógtjörn, byggt 1930.

Friðlýst hús

Tvö friðlýst hús er að finna á athugunarsvæðinu; þau eru:

Brekuskógar nr. 8 og nr. 10, bæði hönnuð af Manfreð Vilhjálmsyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni arkitektum árið 1963. Húsin voru friðuð af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2011 og njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 sem friðlýst hús. Óheimilt er að raska húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands séu þau friðlýst. Báðum þessum húsum eru gerð skil á heimasíðu Minjastofnunar sbr. eftirfarandi slóð:

<http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/hofudborgarsvaedid/nr/783>

<http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/hofudborgarsvaedid/nr/782>

Varðveisluverð heild

Það telst til sérstöðu svæðisins hversu mörg hús eru hönnuð af arkitektum fyrir eigin fjölskyldur. Skýringin er meðal annars sú að hægt var að kaupa tiltölulega stórar lóðir á hagkvæmu verði í einstakri nálægð við náttúruna og með sjávarútsýni. Þannig reistu arkitektarnir Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson, Manfreð Vilhjálmsson, Hannes Kr. Davíðsson, Grétar Markússon og Hildigunnur Haraldsdóttir hús fyrir sig og sínar fjölskyldur á svæðinu. Öll húsin bera skýr höfundareinkenni arkitektanna. Það þótti kostur að búa á rúmgóðri lóð í sveit, með góðu útsýni út á sjó. Allir þessir arkitekta sóttu vinnu til Reykjavíkur. Varðveislugildi þessara sjö húsa er metið hátt og eru þau flokkuð sem varðveisluverð heild eiginbústaða arkitekta á Álftanesi.

Þess má geta að fleiri arkitekta reistu sér og fjölskyldum sínum heimili á annarsstaðar á Álftanesinu og má þar benda á heimili Guðna Pálssonar (Litlubæjarvör 4).

Varðveislugildi

Flest húsanna eru metin með miðlungs varðveislugildi, þau eru öll hluti af mótaðri byggð á Álftanesi. Nokkur hús eru metin með miðlungs-hátt varðveislugildi, en það eru annarsvegar hús sem tengjast landbúnaði á nesinu; Vestri-Skógtjörn og Brekka en hinsvegar hús sem eru mikilvægur hluti af höfundarverki arkitekta; Sel eftir Gunnlaug Halldórsson og Lambhagi 5 eftir Manfreð Vilhjálmsson. Tíu hús teljast hafa hátt varðveislugildi, en það eru öll húsin sem mynda varðveisluverða heild eiginbústaða arkitekta auk hússins Hlein eftir Hannes Kr. Davíðsson, Miðskóga 16 eftir Gunnar Hansson og Miðskóga 20 eftir Guðmund Kr. Kristjánsson.

Heimildaskrá:

Anna Ólafsdóttur Björnsson (1996)
ritnefnd María B. Sveinsdóttir o. fl.
Álftaness saga, Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir
Þjóðsaga


Haraldur Helgason ritstjóri o.fl (1997)
Arkitektatal
Þjóðsaga

Halldóra Arnardóttir, Pétur H. Ármannsson ritstjórar (2009)
Mannfreð Vilhjálmsson arkitekt
Hið íslenska bókmenntafélag

HELGVÍK

SKÓGTJÖRN

ÁLFTANES - SUÐURNES
HELGVÍK og SKÓGTJÖRN

 Mörk húsakönnunar



KRÓKUR

BREIÐAMÝRI

KUMLAMÝRI

ÁLFTANES -SUÐURNES
BREIÐAMÝRI

Mörk húsakönnunar




Loftmynd 2018 <http://map.is/gardabaer/#>
Loftmyndir ehf









- HÚSVERND
- Mörk húsakönnunar
 - Friðlýst hús
 - Varðveisluverð heild
 - Hús án verndunar



METIÐ VARÐVEISLUGILDI

- Mörk húsakönnunar
- Hátt varðveislugildi
- Mið / hátt varðveislugildi
- Miðlungs varðveislugildi



Fyrsti eigandi: Auður Þorbergsdóttir, Hannes Kr.
Þönnuður: Hannes Kr. Davíðsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Skátaheimili



Þórukot, úr aðaluppdrætti frá 1983

Þórukot (03.08.2019)

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	timbur	timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Kjallari Reykháfur	Einlyft Kjallari Reykháfur

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1984 Bílskúr byggður.	Hannes Kr. Davíðsson, Arkitekt

Saga

Húsið er byggt árið 1956 og var heimili Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts og konu hans Auðar Þorbergsdóttur, borgardómara og héraðsdómara í Reykjavík og barna þeirra. Bílskúrin er byggður árið 1984. Nú er skátafélagið Svanir með aðstöðu í húsinu.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs / hátt	Fallegt timburhús sem vísar í gamlar hefðir og er nútímalegt í senn.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eigið heimili arkitekts á Álfanesi. Hluti af heild bústaða arkitekta á Álfanesi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur fallega í landinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Breytingar hafa að mestu verið á forsendum upprunalegs byggingarstíls.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komð er að viðhaldi byggingarhluta.

Varðveislugildi:	Hátt	Eigið heimili arkitekts á Álfanesi. Hluti af heild bústaða arkitekta á Álfanesi.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Þórður Þórðarson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Sumarhús
Núverandi notkun: Golfskáli



Úr raflagnateikningu frá 1965



Haukshús (03.09.2019)

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Timbur
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Timbur
Timbur
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Í húsinu er starfræktur golfskáli. Á lóðinni er einnig bjálkaskúr og nokkrir stálgámar sem eru ekki til prýði.

Varðveislumat:


Lístrænt gildi / Byggingarlíst:	Miðlungs	Húsið er byggt sem sumarhús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Sumarhús / golfskáli.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Tilheyrir eldri byggð á Álftanesi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Liggur ekki fyrir.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er ágætlega viðhaldið en frágangur í kring er ekki til sóma.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Tilheyrir eldri byggð á Álftanesi.
-----------------	----------	------------------------------------

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Húsnæðismálastofnun ríkisins

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Búðarflöt 1, úr aðaluppdrætti frá 2004

Búðarflöt 1 (02.07.19)

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:		Pappi
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
2004 Stækkun	Davíð Kr. Pitt / Kristján Garðarsson, arkitektar

Saga

Árið 2004 var húsið stækkað skv. teikningum Andrúm arkitekta, Davíð Kr. Pitt og Kristján Garðarsson, arkitektar.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt, einbýlishús með sambyggðum bílskúr. Þök eru flöt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga / Búðarflöt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt var við húsið árið 2004.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er nýlega endurgert.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Lambhaga / Búðarflöt.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón M. Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Búðarflöt 2 (02.07.19)

Búðarflöt 2, úr aðaluppdrætti frá 2016

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
-------------------	-------------------	-------------------	---------------------------	----------------------------

Byggingarefni	Forsteyptar einingar	Forsteyptar einingar
Útveggir:	Steinaðir	Steinaðir
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:	Þakdúkur	Þakdúkur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Saga

Húsið er eitt af þremur áþekktum húsum við Búðarflöt sem öll teiknuð af KJ hönnun árið 2016 og byggð úr forsteyptum Smellinn einingum.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt einingahús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Nýlegt íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt og hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýlega byggt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlegt hús

Varðveislugildi:	Miðlungs	Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt.
-------------------------	----------	---

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður Valur Ásbjarnarson
Hönnuður: Ferdinand Alferðsson, Guðmundur Kr.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



SÚÐURHLÍÐ, 1:1000



Búðarflöt 3 (02.07.19)

Búðarflöt 3, úr aðaluppdrætti frá 1992

Gerð húss: Upphafleg:

Núverandi:

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir: Hraunað
Þakgerð: Einhalla þakfletir
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft
Reykháfur

Steinsteipt
Hraunað
Einhalla þakfletir
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft
Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

2017 Sólskáli byggður.

Sigurður Hafsteinsson,
Byggingatækniþráðingur

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft einbýlishús með sambyggðum bílskúr og einhalla þakflötum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús hannað af Ferdinand Alfreðssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni, arkitektum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga / Búðarflöt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Stór sólskáli að sunnanverðu breytir yfirbragði hússins nokkuð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er vel viðhaldið.


Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs
Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á við Lambhaga / Búðarflöt.

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón M Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Búðarflöt 4, úr aðaluppdrætti frá 2016

Gerð húss: **Upphafleg:** **Núverandi:** **Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni	Forsteyptar einingar	Forsteyptar einingar
Útveggir:	Steining	Steining
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:	Þakdúkur	Þakdúkur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Saga

Húsið er eitt af þremur áþekktum húsum við Búðarflöt sem öll teiknuð af KJ hönnun árið 2016 og byggð úr forsteyptum Smellinn einingum.

Varðveislumat:


Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt, steypt einingahús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt og hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlegt hús

Varðveislugildi: Miðlungs Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón M. Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Búðarflöt 6 (02.07.19)

Búðarflöt 6, úr aðaluppdrætti frá 2016

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Forsteyptar einingar
Útveggir: Steining
Þakgerð: Flatt þak
Þakklæðning: Þakdúkur
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Forsteyptar einingar
Steining
Flatt þak
Þakdúkur
Steinsteipt
Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga**

Húsið er eitt af þremur áþekktum húsum við Búðarflöt sem öll teiknuð af KJ hönnun árið 2016 og byggð úr forsteyptum Smellinn einingum.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt, steipt einingahús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt og hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlegt hús.


Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Eitt af þremur einsleitum einingahúsum við Búðarflöt.

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Mannfreð Vilhjálmsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 5, úr aðaluppdrætti frá 1977



Lambhagi 5 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múr / málmplötur
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Torf
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft
Turn

Núverandi:

Steinsteyp
Múr / málmplötur
Mænisþak / einhalla
Torf
Steinsteyp
Einlyft
Turn

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlíst:	Miðlungs / hátt	Einlyft, steinsteyp einbýlishús með málmplötuklæddum útsýnisturni. Torfþak.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús, höfundarverk Mannfreðs Vilhjálmssonar, arkitekts.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið sker sig úr lágreistri byggð einbýlishúsa við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðhaldi byggingarhluta.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs / hátt

Sérstakt hús í lágreistri byggð við Lambhaga.

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Sigurður Harðarson, Magnús Skúlason

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 6, úr aðaluppdrætti frá 2016

Lambhagi 6 (02.07.19)

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timburgrind
Útveggir: Timbur
Þakgerð: Mænispak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft
Ris

Timburgrind
Timbur
Mænispak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft
Ris

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:**

2016 Timbursvalir til austurs og vesturs.

Sigurður Harðarson, Arkitekt

Saga**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Einlyft timburhús með íbúðarrisi og bílskúr.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Íbúðarhús, höfundarverk arkitektanna Sigurðar Harðarsonar og Magnúsar Skúlasonar.

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið er lítið breytt fyrir utan timbursvalir sem gerðar voru 2016.

Tæknilegt ástand:

Miðlungs

Húsið lítur ágætlega út að utan.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Baldur Friðriksson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 7, úr aðaluppdrætti frá 1977

Lambhagi 7 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:

Núverandi:

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Hraunað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Steinsteyp
Hraunað
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft

Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteyp einbýlishús með mænisþaki og sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið lítur vel út að utan.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi: Guðmundur Vilhjálmsson
Hönnuður: Ásmundur Harðarson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 8, úr aðaluppdrætti frá 1981



Lambhagi 8 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:

Núverandi:

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni: Timburgrind
Útveggir: Timbur
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Timburgrind
Timbur
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft

Saga

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timburhús með mænisþaki og sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Bílskúr með flötu þaki er ekki skv. upphaflegum teikningum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið lítur ágætlega út að utan.


Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi: Sigurbjörg Á. Ólafsdóttir, Grétar
Hönnuður: Grétar Markússon

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 9, úr aðaluppdrætti frá 1984



Lambhagi 9 (02.07.19)

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað /	Múrsléttað /		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Reykháfur	Einlyft Reykháfur		

Saga

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs / hátt	Vel hannað einlyft, steinsteypt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Svipmikið þakskyggni yfir inngangi og gluggagerð eins og var algeng upp úr 1980.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús, höfundarverk Grétars Markússonar, arkitekts og heimili þeirra hjóna, Sigurbjargar Á Ólafsdóttur.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið lítur vel út að utan.
Varðveislugildi:	Hátt	Eigið heimili arkitekts á Álfanesi. Hluti af heild bústaða arkitekta á Álfanesi.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sverrir Norðfjörð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 10, úr aðaluppdrætti frá 1989

Lambhagi 10 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:**Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Einhalla þakfletir	Einhalla þakfletir
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Saga**Varðveislumat:**

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt einbýlishús með innbyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Höfundarverk Sverris Norðfjörð arkitekts.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið haldið við.


Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hluti af heild einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Haraldur V. Haraldsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 11, úr aðaluppdrætti frá 1976

Lambhagi 11 (02.07.19)

Gerð húss:		Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni	Steinsteypt		Steinsteypt	1986 Bílskúr stækkaður og byggt á milli.	Vatnar Viðarsson, Arkitekt
Útveggir:			Veggflísar		
Þakgerð:	Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft		Einlyft		


Saga

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt einbýlishús með bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Bílskúrþaki var breytt og byggt á milli húss og bílskúrs. Flísaklæðning breytir yfirbragði hússins nokkuð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur fengið viðhald.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Kjartan Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 12, úr aðaluppdrætti frá 1978

Lambhagi 12 (02.07.19)

Gerð húss: **Upphafleg:** **Núverandi:** **Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað / sléttmúrað	Hraunað / sléttmúrað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Saga

Varðveislumat:


Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Eitt af einbýlishúsum Kjartans Sveinssonar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Einbýlishús sem ber sterk höfundareinkenni Kjartans Sveinssonar, tæknifræðings.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga. Lóðin er vel gróin.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá upphafi, nema hvað litaval varðar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er ágætlega viðhaldið.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga og ágætis dæmi um hús eftir Kjartan Sveinsson.
-----------------	----------	--

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 13, úr aðaluppdrætti frá 2007



Lambhagi 13 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Steipt borðaför
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Núverandi:

Steinsteyp
Steipt borðaför
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft

Helstu breytingar:

2007 Bílgeymsla byggð við hlið hússins.

Hönnuðir breytinga:

Guðjón Magnússon, Arkitekt

Saga

Húsið er byggt árið 1981, upprunalegar teikningar eru ekki aðgengilegar. Árið 2007 er byggð bílgeymsla við hlið hússins eftir teikningum Guðjóns Magnússonar arkitekts.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlíst:	Miðlungs	Einfalt, steinsteyp einbýlishús með mænisþaki og stakstæðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið sjálft hefur lítið breyst en bílskurinn byggðist síðar. Á aðaluppdráttum eru sýndar utanhússklæðningar en húsið er óklætt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið lítur ágætlega út að utan.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:


Miðlungs Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Haraldur V. Haraldsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 14, úr aðaluppdrætti frá 1976.

Lambhagi 14 (02.07.19)

Gerð húss:

Upphafleg:

Núverandi:

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft

Steinsteipt
Bárújárn
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft

Saga**Varðveislumat:**

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt einbýlishús með mænisþaki og tvöföldum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Byggt hefur verið á milli húss og bílskúrs. Lárétt bárújárnsklæðning húss og timburklæðning bílskúrs breyta útliti hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýlega endurgert að utan þó efnisval sé ekki á forsendum upprunalegs byggingarstíls.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sigurður Ingólfsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 15A og 15B (02.07.19)

Lambhagi 15A og B, úr aðaluppdrætti frá 1990

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:**Saga****Varðveislumat:**


Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Parhús með innbyggðum bílskúrum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eina parhúsið í hnappi einsleitra íbúðarhúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið lítur ágætlega út að utan.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Eina parhúsið í hnappi einsleitra íbúðarhúsa við Lambhaga.
-----------------	----------	--

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 16, úr aðaluppdrætti frá 2004

Lambhagi 16 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft Kjallari	Kjallari Einlyft

Helstu breytingar:

2004 Stækkun, þakbreyting, innra skipulag, garðskáli.

Hönnuðir breytinga:

Luigi Bartolozzi, Arkitekt

Saga

Varðveislumat:


Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt einbýlishús með mænisþaki og tvöföldum innbyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið breyttist nokkuð við endurgerð árið 2004.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið var endurgert árið 2004.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.
-----------------	----------	--

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Haraldur V. Haraldsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 17, úr aðaluppdrætti frá 1978

Lambhagi 17 (02.07.19)

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steniklæðning	Steniklæðning		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Húsið er teiknað árið 1978 á Húsnæðismálastofnun ríkisins og teikningar undirritaðar af Haraldi V. Haraldssyni, arkitekt.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteypt einbýlishús með mænisþaki og tvöföldum stakstæðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið lítur ágætlega út að utan.

Varðveislugildi:


Verndarflokkar:	Miðlungs	Hluti af heild einsleitra einbýlishúsa við Lambhaga.
-----------------	----------	--

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Magnús Ingi Ingvarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 18, úr aðaluppdrætti frá 1977

Lambhagi 18 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:**Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Hraunað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Steinsteyp
Hraunað
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft

Saga**Varðveislumat:**

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteyp einbýlishús með sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist óbreytt en skjólveggir úr timbri eru yngri.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Lambhaga.

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Guðmundur Gunnlaugsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 19, úr aðaluppdrætti frá 1991

Lambhagi 19 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg:**Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Hraunað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Steinsteyp
Hraunað
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteyp
Einlyft

Saga**Varðveislumat:**

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteyp einbýlishús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið er skreytt með bogagluggum, útskoti og fl.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga. Lóð er vel gróin með skjólveggjum úr timbri.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Miðlungs Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Lambhaga.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sveinn G. Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lambhagi 20, úr aðaluppdrætti frá 1980

Lambhagi 20 (02.07.19)

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni	Timburgrind	Timburgrind
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Saga

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft timbureiningahús frá Húsasmiðjunni með innbyggðum bílskúr. Mænisþak.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Lambhaga.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið er að viðhaldi byggingarhluta.

Varðveislugildi: Miðlungs Hluti af lágreistri byggð við Lambhaga.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Manfreð Vilhjálmsson, Þorvaldur S.

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Melshús, úr aðaluppdrætti frá 1973

Melshús (02.07.19)

Gerð húss:

Upphafleg:

Núverandi:

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir:
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft

Steinsteipt
Steniklæðning
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft

Saga

Samtal við Pétur H. Ármannsson, arkitekt 21. ágúst 2019.
<https://skemman.is/bitstream/1946/11680/1/Lokaritgerd.pdf>

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs / hátt	Einlyft, steinsteipt einbýlishús með stakstæðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, týpuhús úr samkeppni frá 1970. Höfundarverk Manfreðs Vilhjálmssonar, Þorvaldar S. Þorvaldssonar og Guðmundar Kr Kristinssonar, arkitekta.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Skógtjörn.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Miðlungs Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Skógtjörn.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðbjörn Jensson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Teiknistofa Húsnæðismálastofnunar ríkisins

Núverandi notkun: Íbúð



Helguvík, úr aðaluppdrætti frá 2008

Helguvík (02.07.19)

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft

Steinsteipt
Múrsléttað
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft

Saga

Á árunum 2007-8 teiknuðu Argos arkitektar, Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon, viðbyggingu sunnan við húsið sem ekki var byggð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einlyft, steinsteipt einbýlishús með sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Skógtjörn.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:


Miðlungs Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Skógtjörn.

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Steinar Geirdal, Þorgils Axelsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Vindás, teikning frá 1971 - ljósmynd 1973 Mbl



Vindás (02.07.19)

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir:
Þakgerð: Einhalla
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft

Steinsteipt
Steniklæðning
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:**

2005 Viðbygging milli húss og bílskúrs.

Árni Friðriksson, Arkitekt

Saga

Upprunaleg teikning er frá 1971, bygging hófst árið 1973 og var húsið hlaðið úr vikursteini. Húsið hrundi í byggingu í óveðri 24. september 1973 þegar leifar af fellibylnum Ellen gengu yfir landið og fauk þakið á haf út. Húsið var endurbyggt 1974 og þá steinsteipt með steyptri þakplötu og uppstóluðu mænisþaki. Bílskúrin var byggður í kringum árið 1984. Laust fyrir árið 2000 var húsið klætt utan með steniklæðningu.

Árið 2005 var byggt við húsið á milli bílskúrs og húss eftir teikningum Ask arkitekta og bílskúr stækkaður. Innra skipulagi var breytt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Einlyft, steinsteipt einbýlishús með tvöföldum bílskúr. Upphaflega var þak einhalla.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Skógtjörn.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið er nokkuð breytt frá fyrstu gerð.


Tæknilegt ástand: Hátt Húsinu er vel viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á við Skógtjörn.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ketill Jensson
Hönnuður: Haraldur V. Haraldsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strönd, grunnmynd frá 1963

Strönd (02.07.19)

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Hús teiknað á Húsnæðismálastofnun ríkisins, teikning undirrituð af Haraldi V. Haraldssyni arkitekt.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs / hátt	Látlaust, steypt einbýlishús með sambyggðum bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús og heimili þekkt tónlistarfólks.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa á stórum lóðum við Skógtjörn.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Bílskúrin er líklega yngri en húsið, en hann er ekki með á upprunalegri grunnmynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Húsið er hluti af heild lágreistra einbýlishúsa við Skógtjörn.


Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Teiknistofa landbúnaðarins

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Tjarnarbakki, ómerkt útlitsteikning



Tjarnarbakki (02.07.19)

Gerð húss:**Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Steinsteyp
Múrsléttað
Mænisþak / flatt þak
Bárújárn / þakdúkur
Steinsteyp
Einlyft

Saga

Árið 2008 eru byggðar tvær byggingar framan við húsið, bílskúr og herbergi og stofa til suðurs eftir teikningum VA arkitekta, undirrituðum af Manfreð Vilhjálmssyni, arkitekt.

Varðveislumat:

